

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
131. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 18. mars 2013.
 - b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 17. febrúar 2013.
 - c) Starfshóps um dreifnám í A-Hún., dags. 19. febrúar 2013.
 - d) Starfshóps um dreifnám í A-Hún., dags. 4. mars 2013.
 - e) Stjórnar SSNV, dags. 29. janúar 2013.
 - f) Stjórnar SSNV, dags. 26. febrúar 2013.
 - g) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurl-vestra, dags. 26. febrúar 2013.
 - h) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra, dags. 11. mars 2013.
 - i) Fundar um hækkað menntastig á vinnumarkaði í Norðvesturkjördæmi, dags. 13. febrúar 2013.
3. **Nýjar samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. (fyrri umræða)**
4. **Tilboð í fjarskiptaþjónustu.**
5. **Álit frá LEX lögmannsstofu um framsal hitaréttinda.**
6. **Bréf:**
 - a) Frá veiðifélagi Blöndu og Svartár, dags. 05.03.2013.
 - b) Frá Eiðibýli á Íslandi, dags 15.02.2013. (frestað frá síðasta fundi)
7. **Önnur mál.**

Tvær tillögur sem frestað var frá síðasta fundi:
Tillaga um ráðstöfun hluta af söluverði Reykja.
Skipun nefndar v/viðh. og nýbyggingar girðinga.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Eftirfarandi breyting var samþykkt á boðaðri dagskrá: Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags, 06.03.2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 6 c).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Aðalfundur Ámundakinnar ehf. var haldinn 11. mars s.l. Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, fór með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

Aðalfundur Vilko ehf, var haldinn 15. mars s.l. Magnús R. Sigurðsson fór með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

Fulltrúar Húnavatnshrepps sátu málþing um auðlindamál, Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga og aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga sem haldnir voru í Rvík 14. og 15. mars s.l.

Kynningarfundur Umhverfisstofnunar, um stækkun friðlands í Þjósárverum, var haldinn í Varmahlíð 18. mars s.l. Ákveðið hefur verið að friðlýsa Þjósárver og Hofsjökul sem friðland.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
131. fundur.

Markmiðið er að vernda landslagsheild Þjórsárvera og samspil jökuls og jökullandslags við gróðurlendið í verunum. Gögn eru aðgengileg á Umhverfisstofnun . is.

Ársfundur Heimilisiðnaðarsafnsins verður haldinn fimmtudaginn 4. apríl n.k. Fulltrúar Húnavatnshrepps munu sitja fundinn.

Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar, Sambands ísl. Sveitarfélaga og sveitarfélaga, verður haldinn í Rvík 11. og 12. apríl n.k. Fulltrúi Húnavatnshrepps mun sitja fundinn.

Farið var yfir beiðni um upplýsingar varðandi launa- og skipulagsmál.

Samþykkt voru kaup á nýjum hitakút í Dalsmynni.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sem tóku gildi þann 1. janúar 2012, er ekki gert ráð fyrir að skoðunarmenn yfirfari ársreikninga sveitarfélaga. Endurskoðun er nú alfarið í höndum löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja.

Farið var yfir framkvæmdaáætlun ársins og rætt um fyrirkomulag sumarvinnu unglinga.

2. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 18. mars 2013.

Fundargerðin er í 5. liðum. Hreppsnefnd staðfestir 4. lið fundargerðarinnar, um auglýsingu í eina stöðu kennara við leik- og grunnskóla Húnavatnshrepps. Að öðru leyti til kynningar.

b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 17. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

c) Starfshóps um dreifnám í A-Hún., dags. 19. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

d) Starfshóps um dreifnám í A-Hún., dags. 4. mars 2013.

Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, dags. 29. janúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, dags. 26. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurl-vestra, dags. 26. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

h) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra, dags. 11. mars 2013.

Lögð fram til kynningar.

i) Fundar um hækkað menntastig á vinnumarkaði í Norðvesturkjördæmi, dags. 13. febrúar 2013.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
131. fundur.

3. Nýjar samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. (fyrri umræða)

Fyrir fundinum liggja drög að nýrri samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. Hreppsnefnd yfirfór drögin. Gerðar voru breytingar á 39.gr., sem fjallar um fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að. Einnig var gerð breyting á 54. gr., sem fjallar um almenna atkvæðagreiðslu að frumkvæði íbúa.

Samþykktunum var vísað til annarrar umræðu í hreppsnefnd.

4. Tilboð í fjarskiptaþjónustu.

Farið var yfir fyrirbyggjandi tilboð frá ICell/Emax í endurnýjun fjarskiptabúnaðar í Húnavatnshreppi. Daníel Gunnarsson framkvstj. Emax tók þátt í fundinum í síma. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir. Samþykkt var að vinna málið áfram.

5. Álit frá LEX lögmannsstofu um framsal hitaréttinda.

Kynnt var álit frá Lex lögmannsstofu dags. 26. febrúar 2013, unnið af Ásgerði Ragnarsdóttur hdl og Víði Smára Petersen hdl varðandi álitefni tengd framsali og nýtingu hitaréttinda. Ásgerður Ragnarsdóttir tók þátt í fundinum í síma.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að senda RARIK erindi varðandi nýtingu hitaréttinda í eigu sveitarfélagsins.

6. Bréf:

a) Frá veiðifélagi Blöndu og Svartár, dags. 05.03.2013.

Efni: Boðað er til aðalfundar Veiðifélags Blöndu og Svartár í Húnaveri laugardaginn 23. mars kl. 13.30, að þeim fundi loknum verður aðalfundur Veiðibótasjóðsins Blendings.

Samþykkt var að Magnús R. Sigurðsson fari með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

b) Frá Eyðibýli á Íslandi, dags 15.02.2013. (frestað frá síðasta fundi)

Efni: Óskað er eftir stuðningi við verkefnið Eyðibýli á Íslandi-rannsóknir á Norðurlandi-vestra sumarið 2013, að upphæð 100 þúsund kr. til að mæta hluta kostnaðar rannsakenda í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja verkefnið um 50 þúsund kr. (Rekstarliður 0589-9938)

c) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 06.03.2013.

Efni: Umsókn frá Jóhannesi Torfasyni, kt. 110445-3189, Torfalæk 541 Blönduós, f.h.

Ferðaþjónustunnar á Torfalæk, kt. 110445-3189, um endurnýjun á leyfi til að reka gististað í flokki II, að Torfalæk, 541 Blönduós.

Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
131. fundur.

7. Önnur mál.

Tillaga um ráðstöfun hluta af söluverði Reykja frá 27. febrúar s.l. Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Skipað í nefnd sem mótar reglur vegna viðhalds og nýbyggingar girðinga sem Húnavatnshreppur á kostnaðarhlutdeild í Nefndina skipa: Jakob Sigurjónsson, Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli og Birgir Ingbórsson.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps mótmælir harðlega ákvörðun stjórnvalda að engum fjármunum skuli varið til viðhalds sauðfjárveikivarnagirðinga á þessu ári. Hreppsnefnd telur að með þessu sé stefnt í tvísýnu áratuga vörnum gegn útbreiðslu búfjársjúkdóma og kunni það að hafa í för með sér ófyrirséðar afleiðingar.

Með þessu vill hreppsnefnd Húnavatnshrepps taka undir ályktun Búnaðarþings 2013 þar sem lýst er þungum áhyggjum af sama tilefni.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps telur að með þessu sé afkomu bænda ógnað og lýsir fullri ábyrgð vegna þess á hendur stjórnvalda og þeirra sem hlut eiga að máli, verði ekki tryggðir fjármunir til viðhalds sauðfjárveikivarnagirðinga nú þegar.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að senda álit hreppsnefndar til Matvælastofnunar og atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis.

Tekið var fyrir trúnaðarmál, sem fært var í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert .
Fundir slitið kl. 17.50

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Magnús R. Sigurðsson

Gísli Hólm Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen